

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar
nr. 7 22. febrúar 1966.****1. gr.**

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1969 er óheimilt að veiða meira en 50 þúsund smálestir síldar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir línu, sem hugsast dregin réttvísandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 1. apríl til 1. september 1969 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Þrátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegsmálaráðuneytið, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði síldar á þessu svæði til niðursuðu eða annarrar vinnslu til mannelis eða beitu. Leyfi má binda skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 37 22. febrúar 1968, um breyting á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febr. 1966, svo og reglugerð nr. 221 26. júlí 1968 um breytingu á reglugerð nr. 37 22. febr. 1968 um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar, nr. 7 22. febrúar 1966.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 31. marz 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.